



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Hjörleifur Hallgríms Herbertsson
Skálateig 1
600 Akureyri

Akureyri, 8. mars 2022
MÍ202202-0160/ 6.00 / S.G.

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

BSO Akureyri – ósk um friðlýsingu/friðun húss.

Með tölvupósti sendum 3. febrúar 2022 óskaði Hjörleifur Hallgríms Herbertsson eftir því að Minjastofnun Íslands friði (friðlýsi) hús Bifreiðastöðvar Oddeyrar BSO á Akureyri sem byggt var sem leigubílastöð árið 1956.

Hjörleifur tilgreinir þær ástæður helstar fyrir beiðninni í bréfi sínu að annarsvegar sé fjöldi bæjarbúa meðmæltur því að húsið fái að standa. Hinsvegar þá að húsið hafi upphaflega verið reist sem leigubílastöð og sé mögulega það eina á landinu þar sem upprunalegu hlutverki sé enn sinnt. Húsið væri fornfrægt og órjúfanlegur hluti af menningarsögu Akureyrar og Akureyringa.

Minjastofnun Íslands er stjórnslustofnun sem starfar eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Friðanir húsa eru af tvennum toga, annarsvegar aldursfriðuð hús sem eru þá orðin 100 ára sem á ekki við ofangreint hús eða þá friðlýsing en um hana gilda ákveðnar reglur.

Ráðherra getur ákveðið friðlýsingu húsa og mannvirkja eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. Berist stofnuninni rökstudd ábending eða ósk um friðlýsingu lætur hún fara fram mat á húsinu þar sem varðveislugildi þess er metið með hliðsjón af sögu þess, byggingarlist, umhverfisgildi, upprunaleika og tæknilegs ástands áður en ákvörðun er tekin um hvort leggja skuli til við ráðherra að húsið verði friðlýst. Einnig er leitað álits Húsafriðunarnefndar sem og hús- og landeiganda, viðkomandi sveitarfélags og annarra sem hagsmuna eiga að gæta.

Til er húsakönnun fyrir svæðið, unnin af Landslagi fyrir Akureyrarbæ (Landslag. *Akureyrarbær - miðbær húsakönnun Akureyrarbær 2014*).

Þar er lagt faglegt mat á varðveislugildi BSO og segir:

Umhverfisgildi: Húsið er ekki talið hafa sérstakt gildi fyrir umhverfi sitt.

Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er talið að varðveislugildi hússins sé verulegt.

Erindið var tekið fyrir á fundi friðlýsingateymis Minjastofnunar mánudaginn 21. febrúar. Stofnunin telur ekki ástæðu til að leggja til friðlýsingu húss Bifreiðastöðvar Oddeyrar, BSO, á Akureyri þótt húsið hafi varðveislugildi vegna menningarsögu og mögulegs fágætis. Minjastofnun hvetur eigendur hússins og Akureyrarbæ til að vinna saman að því að taka húsið niður og flytja það á annan stað. BSO-húsið er sannarlega mikilvægur hluti af sögu bæjarins og myndi sóma sér vel þar sem ekki yrði þrengt að því með háum byggingum, hvort sem sama starfsemi yrði þar áfram eða húsinu fengið nýtt hlutverk.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

Pétur Ingi Haraldsson Sviðsstjóri Skipulagssviðs (peturingi@akureyri.is)

